

Hamraborg 105 ehf

b.t. [REDACTED]

Hamraborg 10

200 Kópavogi

Tegund skoðunar: Takmörkuð úttekt 17.1.2018
Staðsetning skoðunar: Austurvegur 38 Selfossi.
Eftirlitsmaður: [REDACTED] Vinnueftirlitið

Upplýsingar tengdar heimsókn:

Þessi skýrsla er gerð með vísan í skoðun Vinnueftirlitsins á þriðju hæð húsnæðisins að Austurvegi 38, 800 Selfossi þann 24.8.2016, saman ber skýrsla B-105250 sem var send á þáverandi notanda húsnæðisins. Skýrslan snýr að ófullnægjandi neyðarútgangi og banni við vinnu.

25.4.2017 kom í ljós að skipt hafði verið um eigendur og var nýjum eiganda send skýrsla með samsvarandi kröfum, saman ber skýrsla nr. B-106722.

15.1.2018 fór undirritaður með eldvarnarfulltrúa og byggingarfulltrúa á staðinn en enginn starfsmaður var á svæðinu. Augljós merki voru þó um að framkvæmdir voru hafnar við lagfæringu/breytingar húsnæðisins. Í ljós kom að enn og aftur var kominn nýr eigandi að húsnæðinu og er því þessi skýrsla send til frekari ítrekunar þar sem úrbótum er ekki lokið varðandi flóttaleið úr rýminu.

Frumrit er sent á heimilisfang fyrirtækisins en afrit sent á Brunavarnir Árnassýslu og húsfélag Austurvegar 38 Selfossi.

Fyrirtækið skal taka eftirfarandi atriði með í áhættumat fyrirtækisins og áætlun um forvarnir eða endurskoða í fyrirbyggjandi áhættumati, sé það til staðar. Það geta verið önnur atriði sem þarfnast úrbóta í fyrirtækinu og koma ekki fram í heimsókn Vinnueftirlitsins. Ef svo háttar skal einnig gera þeim skil í áhættumati fyrirtækisins.

Kynning:

Farið skal yfir efni þessarar skýrslu með fulltrúum starfsmanna.

Athugasemd 1 - Öryggi

Lýsing & mat á aðstæðum:

Þann 22.8.2016 varð alvarlegt slys vegna brunastiga og flóttaleiðar þriðju hæðar að Austurvegi 38 Selfossi er kona féll niður um op á svölunum og slasast alvarlega. Í kjölfar slyssins gerði Vinnueftirlitið kröfur um úrbætur á þáverandi notanda húsnæðisins í skýrslu nr. 105250, að fara skyldi yfir frágang og öryggi vegna stigans og svalanna í samráði við eldvarnareftirlit og gera viðeigandi úrbætur til að tryggja öryggi við notkun. 25.4.2017 kom í ljós að skipt hafði verið um eigendur og var nýjum eiganda send skýrsla með samsvarandi kröfum, saman ber skýrsla nr. B-106722. Nú er enn og aftur kominn nýr eigandi að húsnæðinu og er því þessi skýrsla send til frekari ítrekunar þar sem úrbótum er ekki lokið varðandi flóttaleið úr rýminu.

Fyrirmæli

Vinnueftirlitið bannar alla vinnu á þriðju hæð Austurvegar 38 Selfossi nema þá sem lýtur beint að úrbótum vegna flóttaleiðar af hæðinni. Hafa skal samráð við viðkomandi eldvarnareftirlit vegna útfærslu kröfunnar. Þegar úrbótum er lokið skal tilkynna það til Vinnueftirlitsins svo hægt sé að aflétta banninu.

Lög & reglur:


046/1980, gr. 84 og 85: Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum
581/1995, gr. 3, 37 og 39.: Reglur um húsnæði vinnustaða

Leiðbeiningar:

84. gr. Hafi Vinnueftirlit ríkisins krafist þess með hæfilegum fyrirvara, að lagfæring á vanbúnaði eða öðru ástandi, sem brýtur gegn lögum þessum eða reglum og tilkynningum, sem eru í samræmi við lögin, og umbætur hafa ekki verið gerðar, þegar frestur sá er liðinn, sem gefinn var, getur Vinnueftirlitið látið stöðva vinnu eða lokað starfsemi eða þeim hluta hennar, sem krafan beinist að.
85. gr. Telji Vinnueftirlitið að veruleg hættu sé á ferðum fyrir líf eða heilbrigði starfsmanna eða annarra, getur það krafist þess, að strax sé bætt úr skorti á nægjanlegu öryggi, eða látið hætta vinnu í þeim hluta starfseminnar, sem þannig er á sig kominn. Áfrýjun á ákvörðunum samkvæmt 84. gr. og 85. gr. frestar ekki stöðvun vinnu eða lokun starfsemi eða hluta hennar.

Reglur nr. 581/1995, 3. 37. og 39. gr.

3. gr. 4. Lið; „Gengið skal þannig frá pöllum, gryfjum, stigum, handriðum og opum að ekki sé hættu á að starfsfólk eða aðrir geti fallið niður og slasast.“

Áður en tónafrestir renna út skal fyrirtækið senda tilkynningu um úrbætur og útfærslu þeirra, með myndum ef við á, til Vinnueftirlitsins á netfangið 



Andmælaréttur

Samkvæmt 13. gr. stjórnáskýrslulaga nr. 37/1993 er meginreglan sú að aðili máls á rétt á að tjá sig um nefni máls áður en stjórnvald tekur ákvörðun í því enda liggja ekki fyrir í gögnum málsins afstaða hans og rök fyrir henni eða slíkt sé augljóslega óþarft. Ef andmæli eru við efni skýrslunnar þurfa þau að berast Vinnueftirlitinu innan 14 daga frá dagsetningu hennar. Berist engin andmæli innan frestsins mun skýrslan standa sem lokaákvörðun.

Frestur til andmæla á ekki við ef vinna er bönnuð, starfsemi stöðvuð eða gefin eru fyrir mæli um tafarlaugar úrbætur skv. 84. gr. og 85. gr. laga nr. 46/1980 og taka slíkar ákvarðanir gildi strax.

Afrýjun úrskurða

Samkvæmt 98. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum er heimilt að kæra ákvarðanir Vinnueftirlitsins til Velferðarráðuneytisins innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðunina.

Samkvæmt 2. mgr. 85. gr. laga nr. 46/1980 frestar kæra á ákvörðunum Vinnueftirlitsins samkvæmt 84. gr. og 85. gr. laganna ekki stöðvun vinnu eða lokun starfsemi.

